

Mál nr. 327/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar X og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Áræktur bifreiðar og rafmagnskerru á Keflavíkurflugvelli 28.7.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 12.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 17.10.2017, ásamt tölvupóstsamskiptum V og X.

Bréf V2, dags. 25.10.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur hafi orðið með rafmagnskerru á vegum X og bifreiðinni A við svokallað loftfarsstæði nr. 65 á Keflavíkurflugvelli. Bifreiðinni A var ekið út af akstursleið vegna flugafgreiðslutækja sem ökumaður bifreiðarinnar taldi hafa verið í vegi fyrir bifreiðinni og þá verður áræktur við rafmagnskerru, sem fer í hlið bifreiðarinnar.

M telur að starfsmenn X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið A þar sem rafmagnskerru á vegum X var ekið í hlið bifreiðarinnar A og tæki frá X hafi verið lagt þvert yfir akbraut og þannig hafi ökumaður bifreiðarinnar A þurft að sveigja frá akstursleiðinni í greint sinn. M telur að X hafi ekki komið umræddum tækjum fyrir með réttum hætti.

V2 tekur undir sjónarmið M og telur að stjórnandi rafmagnskerrunnar hafi ekki fylgt fyrirmælum umferðarlaga nr. 50/1987 og hafi þannig valdi árækstri sem X verði að bera skaðabótaábyrgð á. V1 telur að þar sem bifreiðinni A hafi verið ekið inn á svæði sem ekki sé ætlað til aksturs skv. öryggisreglum Keflavíkurflugvallar, þurfi ökumaður bifreiðarinnar að bera alla sök á árækstrinum.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst fyrst og fremst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á bifreiðinni A við þær aðstæður sem lýst er hér að ofan. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna þess tjóns. Þegar litið er til gagna málsins telst ekki fyllilega sanna að aðstæður á vettvangi hafi í umrætt sinn verið þannig að starfsmenn X hafi komið fyrir tækjum eða búnaði í bága við fyrirmæli í öryggisreglum Keflavíkurflugvallar. Ekki verður heldur talið nægilega sannað af gögnum málsins að stjórnandi rafmagnskerru á vegum X hafi sýnt gáleysi við stjórn hennar. Telst M því ekki hafa sýnt fram á skaðabótaskyldu X og verður því ekki falist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.